



Staða félagsmanna í árstíðaruppsögn: **Birtir í lofti með hækkandi sól**

Fimmtudaginn 5. febrúar s.l. var haldinn kynningarfundur með flugmönnum Icelandair ehf. þar sem skýrt var frá því að áætlað væri að afturkalla 19 uppsagnir í maí og 18 uppsagnir í júní n.k. Þetta urðu mörgum veruleg vonbrigði þar sem þetta myndi væntanlega þýða að um 60 flugmenn yrðu áfram atvinnulausir í sumar, sem er háannatími þessarar atvinnugreinar.

Samkvæmt áætlunum félagsins þá er reiknað með að vera með 10 þotur í áætlunarflugi í sumar, 5 þotur í fraktflugi og eina Boeing 757 og eina Boeing 767 í leiguflugi. Þessi áætlun miðast því við einni færri þotu í áætlun og einni færri í leiguflugi miðað við fyrrasumar.

Samkvæmt samtali blaðsins við Birki Hólm, forstjóra Icelandair ehf., þá ríkir þó almenn bjartsýni innan veggja félagsins þar sem árið lítur vel út tekjulega séð. Veruleg minnkun er á innlendum markaði en aukning á erlendum markaði auk hagstæðs gengis krónunnar, vega þar á móti. Sagði Birki að félagið væri í 25% niðurskurði í augnablikinu en fari í 5% niðurskurð í maí sem er umtalsverð aukning frá því sem nú er.



Hér má sjá aðra Boeing 767 þotuna frá SmartLynx, dótturfélagi Icelandair Group.

Varðandi leiguflug félagsins þá er búið að undirrita viljayfirlýsingu um verkefni fyrir Boeing 767 þotuna sem áætluð er í fyrrgreindum tölum en eftir er að finna verkefni fyrir 757 vélina.

Eftir kynningarfundinn birti þó heldur yfir málum flugmanna er Icelandair Group ákvað að flytja verkefni frá dótturfélagi sínu í Lettlandi, SmartLynx, hingað heim og láta íslenskar áhafnir njóta góðs af hjá Icelandair ehf. Um er að ræða flutning á tveimur Boeing 767 þotum yfir til Icelandair en búið er að undirrita viljayfirlýsingu um verkefni fyrir þær báðar sem mun vonandi hefjast innan skamms. Loftleiðir ehf. hafa veg og vanda af öllu leiguflugi fyrir bæði Icelandair ehf. og SmartLynx og í samtali við Guðna Hreinsson, for-

stjóra Loftleiða ehf., þá var hann mjög bjartsýnn á að samningar tækjust á næstu dögum, komið væri samkomulag um meginatriði samningsins.

Varðandi flugmenn í uppsögn hjá Flugfélagi Íslands þá hafði blaðamaður samband við Einar Björnsson, flugrekstrarstjóra Flugfélags Íslands, og sagði hann full snemmt að segja til um hvernig þessu yrði háttað hjá félaginu. Hann sagði að um þessar mundir væri verið að leggja lokahönd á sumaráætlun félagsins og að því loknu væri hægt að fara út í þá vinnu að reikna út áhafnaþörf sumarsins. Hann sagðist þó bjartsýnn þar sem að fram til dagsins í dag hafi ástandi ekki versnað umfram áætlanir hjá félaginu.

Aðalfundur FÍA 2009

Aðalfundur Félags íslenskra atvinnuflugmanna
verður haldinn að Grand Hótel Reykjavík
(Gullteig A), Sigtúni 38,
fimmtudaginn 12. febrúar 2009, kl. 19:30.
Léttar veitingar að loknum fundi!

Viðræður við
flugskólana
bls 2

Ritari FÍA
kveður
bls 2

Framboðs-
greinar
bls 3-7

RNF sendir frá sér skýr-
lu vegna JetX atvika
bls 8

Rafræn
kosning
bls 8

Samningamál

Viðræður við flugskólana á lokastigi



Framvinda og staða mála í samningaviðræðum flugskólanna og FÍA.

Síðasta haust var kjarasamningur FÍA og flugskólanna laus. Í lok ágúst s.l. haust hittist samninganefndin á sínum fyrsta fundi ásamt formanni FÍA Jóhannesi Bjarna Guðmundssyni.

Á þessum fundi lagði Jóhannes línurnar fyrir nefndarmenn varðandi væntingar stjórnar FÍA til komandi viðræðna.

Áhersluatriði formannsins voru skýr: Fá sem flesta ef ekki alla flugskóla á landinu til að koma að þessari vinnu því ekki ætti að keppa um flugnemendur með launum kennara, klára þá vinnu við kjarasamninginn sem samningsaðilar hafa ætlað að gera frá árinu 2000, laga samninginn að því vinnuumhverfi sem er verið að vinna eftir.

Þeir skólar sem koma að samningnum að þessu sinni eru Flugskóli Íslands, Geirfugl og Flugskóli Akureyrar.



Yfirkennari Flugskólans Keilis hefur lýst yfir áhuga að koma að þessu þegar þeir hefja verklega flugkennslu.

Rétt eftir miðjan september 2008 settumst við að borðinu í fyrsta skipti með viðsemjendum okkar.

Á þeim fundi var gengið frá launahækkun á taxta lausráðinna flugkennara og er hún í takt við þá hækkun sem var samið um við aðra viðsemjendur FÍA.

Í lok september var launataflan kláruð og gerð viljayfirlýsing um að klára vinnuna fyrir 15 desember 2008.

Þann 8. október var þetta kynnt fyrir kennurum skólanna á fundi í Hlíðarsmára og því miður var frekar dræm mæting.

Í desember kom beiðni frá viðsemjanda um að fresta viðræðum fram á nýja árið og var sá frestur veittur. Vegna þess að fleiri en einn viðsemjandi er við borðið hefur sú staða stundum komið upp að erfitt hefur verið að kalla fundarmenn saman og því hefur samningaferlið dregist.

Í byrjun árs 2009 urðu mannbreytingar í nefndinni þar sem tveir fulltrúar kennara Flugskóla Íslands sögðu sig úr nefndinni og kom þá annar fulltrúi þeirra í nefndina.

Síðan þá hefur vinnan farið á fulla ferð aftur og bindum við vonir við ljúka þessari vinnu fyrir aðalfund FÍA þann 12. febrúar næstkomandi.

Fréttabréf FÍA

Ritstjóri

Kjartan Jónsson
kjo.crew@icelandair.is

Umbrot

Kjartan Jónsson
kjartan@dot.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Boeing
Pétur P. Johnson

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

Febrúar 2009

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er óheimil nema að heimilda sé getið.

Ritari FÍA kveður!

Kæru félagar!

Mig langaði bara rétt að nota tækifærið nú þegar ég er að hætta í stjórn FÍA eftir fjögur ár, öll árin sem ritari stjórnar, og þakka fyrir samstarfið.

Þetta hefur verið mikil reynsla og margt sem ég hef lært á þessum tíma enda unnið með mörgu góðu fólki. Halldór Þ. Sigurðsson, fyrrverandi formaður FÍA, fékk mig á sínum tíma til að gefa kost á mér til setu í stjórninni. Það fór þannig að frá fyrsta degi var ég fenginn í ritarastarfið sem hefur nú ekki alltaf þótt mjög vinsælt starf. En ég komst fljótt upp á lag með að pikka inn fundargerðir og með tilkomu betri heimasíðu FÍA ákvað stjórnin að fundargerðir skyldu vera aðgengilegar félagsmönnum á lokuðu svæði. Það er trú mín að sú breyting hafi orðið til þess að félagsmenn eru nú virkari í



félagsstarfinu eða a.m.k. betur upplýstir um gang mála en áður var.

Ég óska komandi stjórn góðs gengis í að standa vörð um kjör flugmanna og efla starfsemina enn frekar.

Óskar Tryggvi Svavarsson,
ritari FÍA.

Kjaraskerðingu ber að stöðva

Góðir félagar.

Ég heiti Hafsteinn Pálsson, fæddur í Reykjavík 3. ágúst 1964, kvæntur Jóhönnu Kristínu Guðmundsdóttur, djákna og meistaranema í HÍ og eigum við saman þrjú börn á aldrinum 9, 13 og 17 ára. Ég starfa sem flugstjóri á 75767 hjá Icelandair (áður Flugleiðir), þar sem ég hef starfað frá árinu 1986 eða í ein 23 ár.

Ég hef frá upphafi haft mikinn áhuga á störfum FÍA, setið í trúnaðarráði og verið ötull félagsmaður. Ástæða þess að ég býð mig nú fram til forystu er meðal annars sú að fyrirhugaðar eru breytingar á stjórn FÍA, með nýjan varaformann og meðstjórnendur og tel ég ákjósanlegt að einnig verði skipt um í formannsstólnum. Það er þó langt frá því eina ástæða þess að ég gef kost á mér heldur er skoðun mín sú að breyta verði um takt í félaginu á komandi árum og standa mun betur vörð um hag okkar allra sem í FÍA erum þar sem borið hefur á verulegri kjaraskerðingu hjá okkur undanfarin ár. Sú kjaraskerðing tel ég tengjast þeirri arðsemis – og peningastefnu sem ríkjandi hefur verið hjá þeim fyrirtækjum sem við störfum fyrir sem og í samfélaginu öllu. Þessi peningastefna og sú hugmyndafræði sem henni fylgir hefur nú siglt í strand, ásamt efnahagi þjóðarinnar. Því tel ég mikilvægt á þessum umbrotartímum að dusta aðeins rykið af gömlum og vel að merkja GÓÐUM gildum með aukinni áherslu á mannauðinn, allt þetta góða og mikilvæga starfsfólk sem ég tel okkur félagsmenn FÍA vera. Draumur minn er að sjá FÍA sem sterkt stéttarfélag, sem stendur vörð um félagsmenn sína, kaup þeirra, kjör og réttindi. Enginn vafi má nokkurn tíman leika á því að FÍA standi með hverjum og einum félagsmanni sínum ef reynt er að ganga á rétt hans.

Vinna við kjarabætur á öllum sviðum er mikilvæg ásamt því að eyða óvissu í kjarasamningum til að minnka togstreitu milli samningsaðila. Einnig er brýnt að auka samvinnu milli flugrekenda og okkar, félagsmanna FÍA,



Hafsteinn Pálsson,
flugstjóri
Icelandair
skrifar

þar sem hagsmunir okkar fara að sjálfsögðu saman þegar öllu er á botninn hvolft. Einnig ber að standa vörð um störf okkar svo ekki megi segja mönnum upp störfum í 3- 4 mánuði til hagræðingar fyrir fyrirtækin. Jafnframt er mikilvægt að vinna að því að koma íslenskum flugmönnum að hjá íslenskum fyrirtækjum, sem raunar er réttur okkar samkvæmt lögum (ennþá).

Kjaraskerðing fyrri ára tel ég tengjast þeirri arðsemis – og peningastefnu sem ríkjandi hefur verið

Ennfremur er mikilvægt að skoða vel hvernig starfsmannamálum er háttað hjá nágrannaþjóðum okkar. Halda þarf áfram að vinna að löggjöf um persónulega ábyrgð flugmanna og aðgang dómsvaldsins að gögnum úr skýrslum vegna flugóhappa, „flight data monitoring” og öðru því sem leitt getur til sakfellingar flugmanna. Þar má finna brotalöm, sem betur fer hefur lítið reynt á.

Flug er sérfræðistarf og flugnám þarf að vera metið sem slíkt. Því er mikilvægt að standa vörð um nám okkar og starfsréttindi og ætti allur námsferillinn að vera lánshæfur. Einnig þurfa þeir sem stunda kennslu að hafa góðan kjarasamning, sem stéttarfélaginu ber að standa vörð um. Þannig tryggjum við gæði kennslunnar. Gæta þar þess að ekki verði hagsmunatengsl, þannig að menn sitji báðum megin við borðið. Halda þarf áfram að efla öryggisnefnd FÍA, þannig að sparnaður, sem eðli málsins samkvæmt er öllum hugleikinn, bitni ekki á öryggi.

Heilbrigðismál eru mér einnig sérlega hugleikin og hef ég hugmyndir um

hvernig nýta megi betur sjúkrasjóðinn til forvarna. Það held ég að sé afar mikilvægt, þegar vinnuálag hefur aukist mjög mikið. Það er sýnileg aukning á heilsubresti og alvarlegum veikindum í okkar stétt sem gefa þarf gaum.

Kallað er eftir breyttum áherslum í samfélagi okkar, og held ég að það eigi einnig við í okkar vinnuumhverfi. Með breyttri sarfsmannastefnu, fjölskyldustefnu, og öflugri samvinnu væri hægt að skapa góðan starfsgrundvöll, sem væri allra hagur þegar upp er staðið.

Eitthvað hefur borið á umtali um reynsluleysi mitt í félagsmálum, því vil ég svara þannig að ég hef, í gegnum þau 23 ár sem ég hef verið félagsmaður í FÍA, fylgst náðið með þeim störfum sem þar hafa verið unnin. Af hugsjón og heilindum og brennandi áhuga gef ég nú kost á mér til formannssetu og bendi jafnframt á að ef ég yrði kosinn formaður væri það ekki í fyrsta skipti sem einstaklingur sest beint í formannsstólinn án þess að hafa verið áður í stjórn. Auk þess má gjarnan geta þess að sjaldnast er til þess ætlast að formaður fari einn með ráð og reglur í félagi sem þessu. Þar er að sjálfsögðu lögð áhersla á lýðræðislega samvinnu allra sem í stjórninni sitja og þar er aldeilis ekki komið að tómunum kofanum. Þar hafa starfað og koma til með að starfa menn og konur með mikla og haldbæra reynslu.

Ég hef stiklað á stóru á þeim málum sem mér eru hugleikin en sú upptalning er engan vegin tæmandi. Breyttar áherslur eru nauðsynlegar til að standa vörð um kjör okkar, það liggur ljóst fyrir.

Vona ég að þið gefið mér umboð til að starfa af heilindum að þessum breyttu áherslum í FÍA, okkur öllum til hagsbóta.

Að endingu vil ég hvetja ykkur öll til að mæta og sýna samstöðu sem félagsmenn, nota kosningaréttinn, en ekki hvað síst - til að gera fundinn skemmtilegri ;)

Kveðja
Hafsteinn Pálsson
8927585

Skynsemi og festa

- óska eftir stuðningi áfram sem formaður



FÍA er mjög öflugt og sterkt stéttarfélag, enda eru í félaginu nánast allir íslenskir atvinnuflugmenn og langflestir flugmenn sem starfa fyrir íslensk flugfélög. Það er mjög virkt lýðræði innan FÍA sem kristallast m.a. í þeirri staðreynd að stjórn félagsins á hverjum tíma þarf að sækja umboð sitt til félagsmanna á hverju ári. Mér hefur verið sýndur sá heiður að vera formaður stjórnar FÍA síðustu tvö árin og var þar áður varaformaður í eitt ár. Á þessum tíma hefur verið ómetanlegt að geta leitað til breiðs hóps fólks sem starfar innan FÍA, þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir.

Undanþágur/sársamningar:

Stjórn FÍA og samstarfsnefndir á hennar vegum hefur í öllum sínum ákvörðunum reynt að hafa heildarhagsmuni hópsins að leiðarljósi. Síðustu mánuðir hafa verið gríðarlega erfiðir hjá okkar viðsemjendum – flugfélögunum – eins og öðrum fyrirtækjum í landinu. FÍA hefur ekki farið varhluta af ástandinu og því má segja að við höfum unnið með fyrirtækjunum í að lágmarka “tjónið” eins og unnt er. Þetta hefur verið gert með því að veita okkar stærstu viðsemjendum afslátt af ákveðnum þáttum kjarasamnings okkar til að komast í gegnum erfiðasta tímann. Gerður var samningur við Atlanta í þessa veru sem gildir til vorsins eða þar til kemur að endurnýjun kjarasamningsins.

Í hópi Icelandair flugmanna hef ég orðið var við umræðu um að núverandi stjórn hafi verið lin og menn kvarta yfir fjölda undanþága sem veittar hafa verið. Vissulega er rétt að við höfum veitt margar undanþágur. Þær hafa gilt í tiltekin tíma og allar gerðar í þeim tilgangi að bæta verkefnastöðu fyrirtækisins og um leið hlutdeild okkar flugmanna í þeim. Umdeildasta ákvörðun FÍA í þessa veru, tel ég að hafi verið samkomulag okkar varðandi flug fyrir Travel Service. Það lá hins vegar fyrir að verkefnið færi annað ef ekki semdist um tilslakanir okkar. Við í FÍA máttum stöðuna þannig að okkar hagsmunir væru miklu meiri í að tryggja okkur

þetta verkefni og um leið vinnu fyrir hátt í 30 flugmenn, frekar en standa harðir á einstökum ákvæðum. Í því árferði sem nú er þarf forysta FÍA að sýna skynsemi, en um leið festu. Það höfum við gert til þessa.

Þrátt fyrir allt er ekki margar undanþágur/sársamningar í gildi milli FÍA og Icelandair. Í dag eru í gildi samningar um aðsetursskipti í Liege og Madrid, sársamkomulag er í gildi um flug fram og til baka til Las Palmas og Tenerife gegn ákveðinni greiðslu; og loks sársamningur um verkefni á B767 fyrir Travel Service. Í öllum þessum tilvikum hefur FÍA samið um greiðslu gegn undanþágunum og reynt að hafa hagsmuni flugmanna að leiðarljósi. Félagsmenn þurfa að gera sér grein fyrir að það getur verið erfitt að taka ákvarðanir eins og þær sem við

höfum staðið frammi fyrir síðustu mánuði. Ákvarðanir okkar hafa stundum verið harðlega gagnrýndar, en ég tel að þær hafi verið réttar.

Hótelmál:

Í haust nálgadist Icelandair FÍA með nokkrar tillögur í sparnaðarátt vegna erfiðleika í rekstrinum í fjármálakreppunni. Sumar þessar tillögur voru slegnar út af borðinu strax, en eins og kjarasamningur okkar gerir ráð fyrir tókum við vel í að skoða breytingar á gistaðstöðu okkar bæði í Liege og New York. Fulltrúi okkar fór í hótelskoðunarferð í nóvember s.l. en þar voru eingöngu skoðuð hótél utan Manhattan. Þegar fulltrúi FÍA vildi skoða hótél á Manhattan var svarið að slíkt væri ekki í boði. Í byrjun desember var FÍA tilkynnt um áform

Stefnuskrá okkar:

Við undirritaðir viljum vinna saman að eftirfarandi málum í FÍA og óskum eftir stuðningi ykkar á aðalfundi 12. febrúar n.k.:

1. Kjarasamningar verði endurnýjaðir til skamms tíma.
2. Starfsmannahald og skipulag skrifstofu FÍA verði endurskoðað.
3. Treysta stöðu Reykjavíkurflugvallar í samstarfi við sveitarfélögin.
4. Þrýsta á umbætur á Keflavíkurflugvelli, m.a. opnun brautar 07/25 og aðrar lagfæringar til að bæta öryggi og afköst vallarins.
5. Efla erlend tengsl í gegnum Alþjóðanefnd FÍA og samstarf við ECA, IFALPA og NTF. FÍA verði enn virkari þátttakandi í faghópum ECA.
6. Forgangsréttarmál verði lagfærð í kjarasamningum.
7. Starfslokamál verði betrubætt.
8. Samræma gjaldtöku Félagssjóðs og Eftirlaunasjóðs.
9. Aðskilja Sjúkrasjóð frá Eftirlaunasjóði og Sjúkrasjóður verði settur undir sérstaka nefnd tengda heilbrigðismálum innan ÖFÍA.
10. Samræma störf trúnaðarlækna FÍA/EFÍA.
11. Efla samstarf og samvinnu við ráðuneyti og stofnanir.
12. Auka enn frekar sókn í leiguflugi erlendis með flugfélögunum, til að efla starfsöryggi flugmanna.

| | |
|-----------------|---|
| Formaður: | Jóhannes Bjarni Guðmundsson |
| Varaformaður: | Halldór Þ. Sigurðsson |
| Meðstjórnendur: | G. Birnir Ásgeirsson Haraldur Óskarsson Ólafur Georgsson Þorsteinn Kristmannsson Örnólfur Jónsson |
| Varamaður: | Hörður Vignir Magnússon |
| Varamaður: | Þórarinn Ingi Ingason |

um flutning og á hótél sem við vildum ekki. Við boðuðum fund með forsvarsmönnum Icelandair og fórum yfir málið. Í framhaldinu var FÍA boðið að skoða Beekman Tower hótél og miðað við þá skoðunarferð var hótelið ásættanlegt.

Framboðsmál:

Það er skylda stjórnar FÍA á hverjum tíma að sjá til þess að framboð séu til allra embætta sem kosið er um á aðalfundi. Ég vann ásamt fleirum í að stilla saman hópi sem býður sig fram til stjórnar sem ég trúi að sátt geti náðst um í hópnum og muni vinna vel saman. Það er líka mikilvægt að stjórn FÍA endur-

spegli þverskurð félagsins og að okkar stærstu viðsemjendur eigi sína fulltrúa. Að þessu hefur verið hugað í þeim hópi sem ég er í forystu fyrir. Það breytir ekki því að einstaklingar geta boðið sig fram eins og lög FÍA gera ráð fyrir og stefnir í spennandi kosningar.

Starfið framundan:

Núverandi stjórn FÍA hefur stuðlað að mikilvægum breytingum sem ég tel að hafi eftir félagið til muna. Við höfum breytt skipulagi félagsins og samstarfsnefndir okkar stærstu viðsemjenda sjá nú meira og minna um sín mál, en hafa bakland og stuðning í sterku

stéttarfélagi. Það er gríðarlega mikilvægt að flugmenn geri sér grein fyrir styrk samstöðunnar. Í samstöðunni er afl og vald - vald sem ekki má misnota. Starfsemi FÍA þarf að taka mið af stórum og misjöfnum hópi og ég hef alltaf reynt að hafa hugfast að við í stjórn FÍA og starfsfólk erum í vinnu fyrir alla flugmenn FÍA.

Ég vil stuðla áfram að öflugu stéttarfélagi flugmanna og bið um stuðning ykkar á aðalfundi 12. febrúar til að vinna áfram í ykkar þágu.

Virðingarfyllst,
Jóhannes Bjarni Guðmundsson

Framboð til stjórnar FÍA

Mannauður í brennidepli

Kæru félagar,

Nú stöndum við frammi fyrir einum erfiðustu tímum sem þjóðfélag okkar hefur gengið í gegnum í áratugi. Nú leita atvinnurekendur eftir fjármagni og til stéttarfélagsins eftir tilslökunum. Ekki er fyrir séð hvernig fyrirtækin standa af sér storminn. En í þessu árferði felast einnig tækifæri fyrir þau flugfélög sem eru í landinu. Gengisfall krónunnar hefur gert Ísland ódýrara land að heimsækja og félögin vel samkeppnishæf í útboðum erlendis. Það er okkar að sýna hvernig góð samvinna stéttarfélags og flugrekenda geta aukið verðmætasköpun hjá þjóðinni og störf fyrir félagsmenn. Í staðinn fyrir framlag okkar hljótum við að krefjast ábyrgðar og mannlegrar stefnu fyrirtækja. Að hafa starfsfólk felur í sér skuldbindingar og ábyrgð, félagslega og samfélagslega. Grunnforsenda til að skapa gott starfsfólk er öruggt starfsumhverfi. Það er grunnþáttur í öllum helstu kenningum mannauðsfræðinnar. Viðvarandi atvinnuleysi er eitt versta ástand sem einstaklingar með skuldbindingar og ábyrgð ganga í gegnum. Andleg líðan fer hrakandi við þær áhyggjur sem skapast við að ná ekki endum saman.

Þann skilning, er varðar ábyrgð og skuldbindingar gagnvart starfsmönnum sínum, hafa flugrekendur ekki haft hingað til. Sum hver flugfélögin segja fólki upp í 3-5 mánuði og geta gert þá kröfu að starfsmaður skuli vera tilbúinn að mæta til starfa 3 mánuðum eftir að þeirra krafta er óskað. Ellegar missir viðkomandi sæti sitt á starfsaldurslista. Hvar á þessi starfsmaður að



starfa í svo skamman tíma. Flugfélagið er vísitandi að senda starfsmanninn á framfærslu samfélagsins. Dæmi eru um að verktakaflugmenn séu í starfi hjá dótturfyrirtækjum meðan aðrir á starfsaldurslista ganga um atvinnulausir. Það getur verið slæmt fordæmi ef það er látið óáreitt. Mitt helsta baráttumál verður að breyta þessu. FÍA hefur vopn í hendi sér til aðgerða gagnvart þessu. Það ber að nota.

Ég er tilbúinn að henda mér strax af alefli í verkin. Tel mig geta unnið með öllum þeim frambærilegu mönnum sem á lista eru til kosninga. Ég tel þau mál sem varða atvinnuöryggi, mannlega starfsmannastefnu og um leið samfélagslega ábyrgð þau gildi sem ég byggi mitt framboð á. Ef þú, kæri félagsmaður, ert sammála þeim gildum, bið ég um þitt atkvæði til að veita þeim brautargengi.

Eftirfarandi atriði eru áherslumál mín. Listinn er ekki tæmandi en í forgang set ég mál er varða starfsöryggi.

1. Vil stefna að auknu starfsöryggi félagsmanna. Þessu má ná fram með grundvallar breytingu á gerð kjarasamninga. Ef ekki þar, þá samvinnu við félagsmálaráðuneyti um lagasetningu
2. Að líta beri á uppsagnir sem neyðarúræði en ekki varúðarráðstöfun. Starfsmenn fái að njóta vafans

frekar en tilhæfulaus uppsögn. Þar af leiðandi betra starfsumhverfi.

3. Að framkvæmdastjórnin sem stendur til að ráða verði með afmarkað verksvið. Hann verði menntaður lögfræðingur með reynslu í samningagerð og/ eða félagsrétti. Sjá um dagleg samskipti milli FÍA og viðsemjenda.
4. Grundvallar breytingu á uppbyggingu kjarasamninga. Samningar endurspegli þá núverandi starfsemi og þau ákvæði sem eigi ekki við lengur detti út. Forgangsréttar ákvæði kjarasamnings verði virt með þeim vopnum sem FÍA hefur. Að auki með atbeina fjölmiðla svo og aðstoð erlendra stéttarfélaga.
5. Starfslokasamningar eldri flugmanna verði gerðir að fyrirmynd erlendra flugfélaga.
6. Aukin félagsleg réttindi í gerð samninga. Svo sem aukning á orlofi, helgarfrú og auka rétt manna til hlutastarfa. Fjölskylduvæn stefna.
7. Auka vægi hótelnefndar í vali á gististöðum. Ákveðnar keðjur. Lágmarksútbúnaður. Öryggismál þeim tengdum.
8. Auka samvinnu flugfélaganna og ÖFÍA með úttekt á öryggi á dvalarstöðum í hættumeiri hlutum heimsins.

Lýðræðisleg meðferð á undanþágum með tilkomu rafrænna kosninga

Baráttukveður,
Einar Valur Bárðarson
Frambjóðandi til stjórnar FÍA

Á mörgu þarf að taka

Senn líður að aðalfundi FÍA sem haldinn verður þann 12 febrúar næstkomandi. Þar verður lögum félagsins samkvæmt kosið til stjórnar ásamt öðrum störfum aðalfundar. Ég hef frá inngöngu minni í félagið 1997 haft mikinn áhuga á málefnum félagsins og verið virkur meðlimur allan þann tíma. Ég er fæddur 1975 giftur Írinu Lindu Oskarsdóttur, við eigum saman 3 börn og erum búsett í Kópavogi.

Undirritaður hefur verið starfandi atvinnuflugmaður frá 1997 og starfar nú fyrir Icelandair. Ég hef starfað sem flugkennari (og geri enn ásamt því að vera virkur í einkaflugi), hef flogið innanlands bæði sjúkra og áætlanarflug fyrir Íslandsflug sem þá hét og fyrir Icelandair í millilandaflugi. Ég hef einnig starfað fyrir AAI eins og það hét á þeim tíma og fyrir Martinair Holland. Fyrir þessi tvö síðast nefndu félög flaug ég sem “contractor” eftir að hafa misst vinnuna tímabundið hjá Icelandair. Ég hef setið í trúnaðarráði fyrir félagið sl. ár og er virkur í því starfi en einnig hef ég sinnt öðrum störfum fyrir félagið sem lúta beint að meðal annars vinnuréttinum, skattamálum, stjórnarsýslu Flugmálastjórnar Íslands og þeim ráðuneytum sem þessum málaflokkum tilheyra. Ég hef í störfum mínum fyrir félagið setið námskeið í samningatækni sem haldið var á vegum FÍA fyrir IFALPA og átt því láni að fagna að hafa átt gott samstarf við alla þá aðila sem ég hef unnið með og er því ekki í vafa um að svo verði áfram fái ég umboð til setu í stjórn félagsins.

Það er ljóst að það er á brattann að sækja fyrir okkur öll sem í félaginu erum enda hefur enginn félagsmaður farið varhluta af því sem við fáumst við nú. Gríðarlegar kjaraskerðingar og uppsagnir hafa dunið á flestum aðildarfélögum FÍA og mjög svo aukið vinnuálag einkennir nú vinnuumhverfi okkar. Samskipti okkar við vinnuveitendur hafa á köflum einkennst af óbilgirni þeirra síðarnefndu í þessu nýja viðskiptaumhverfi sem virðist stýrast af arðsemiskröfu einni. Það eru næg verkefni framundan fyrir viðtakandi stjórn. Það er mín Skoðun að FÍA verði að spyrna mun fastar við fótum ef takast



Jón Þór Þorvaldsson,
flugmaður
Icelandair
skrifar

á að ná fram raunverulegum kjarabótum fyrir féлага okkar. Við höfum verið allt of undanlátssamir í samningaviðræðum undanfarið og því miður borið skarðan hlut frá borði í mörgum tilfellum. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka starf okkar og þá ábyrgð sem því fylgir alvarlega. Við eigum að hafa þá sjálfsvirðingu að láta ekki bjóða okkur og fjölskyldum okkar hvað sem er. Staðreyndin er sú, að engin önnur fagstétt ber raunverulega jafn viðurhlutamikla ábyrgð og flugmenn og því skyldu kjör okkar miðast við það. Ég gæti farið mörgum orðum um það sem betur má fara en tel þetta að láta verkin tala sínu

Við höfum verið allt of undanlátssamir í samningaviðræðum undanfarið og því miður borið skarðan hlut frá borði í mörgum tilfellum.

máli og býð mig því fram til þeirra verka sem brýnt er að vinna. Það sem ég tel hvað mikilvægast að sinna á komandi starfsári er eftir farandi, en ítreka að þetta er ekki tæmandi listi.

- Virkja stéttarfélagið í að standa vörð um félagsmenn og réttindi þeirra m.a að koma upp (report system) kerfi sem auðveldar samstarfsnefndum að sækja betrubætur á málum sem upp koma
- Kjarasamningar, raunverulegar kjarabætur og atvinnuöryggi.
- Endurnýjun kjarasamninga og endurbætur á eldri samningum meðal annars með að fara gagnert ofaní orðalag og texta til að minnka líkur á mistúlkun á samningum.
- Endurskipulag á verkaskiptingu innan FÍA og starfsmannahaldi.
- Efla traust og heiðarleika í samskiptum á milli stéttarfélagsins og

vinnuveitenda ásamt því að auka upplýsingaflæði og aðkomu flugmanna að flugrekstri með hagnýtri ráðgjöf til að betur megi farnast.

- Vinna að bættri fjölskyldustefnu fyrirtækjanna og mannlegum samskiptum CRM (company resource management) okkur til handa.
- Huga almennt að löggjöf og ábyrgð flugmanna með tilliti til t.a.m FDM persónuskraa og fleira.
- Miða að því að flugnám verði lánshæft og viðurkennt sem sérfræðinám á háskólastigi.
- Virkja síðanefnd FÍA til að taka á málum þar sem viðsemjendur félagsins eru einnig félagsmenn og gegna jafnvel trúnaðarstörfum fyrir yfirvöld í leiðinni.
- Efla samvinnu í alþjóðasamtökum flugmanna og stéttarfélaga þeirra.
- Auka skilvirkni í samskiptum við ráðuneyti og undirstofnanir til dæmis með að tryggja

að lagaramminn sem starfað er eftir sé skýr og að farið sé að lögum þeim er lúta að viðkomandi málaflokkum.

- Öryggismál í viðum skilningi og stöðva þá þróun að fórna flugöryggi fyrir arðsemi fyrirtækjanna einkum með tilliti til komandi EASA reglna.
- Að auka áherslu á heilbrigðismál flugmanna með tilliti til aukins álags í starfi sem og forvarnir.

Ég mun beita mér af einhug og heilindum fyrir félagið náí ég kjöri og því skora ég hér með á félagsmenn að fylkja liði á aðalfundinn þann 12 febrúar næstkomandi og og taka virkan þátt í kosningunum sem fram fara.

Virðingarfyllt
Jón Þór Þorvaldsson

Framboð til stjórnar FÍA

Harðnandi samkeppni

Kæru félagar nær og fjar.

Ég býð mig fram til stjórnarsetu hjá FÍA á komandi kjörtímabili og óska eftir stuðningi félagsmanna til þess. Ég hef starfað við erlend tengsl fyrir FÍA um árabil og sat sem 1. varamaður stjórnar á liðnu ári. Einnig hef ég setið í samstarfsnefnd fyrir hönd Icelandair-flugmanna á kjörtímabilinu. Við erlend tengsl hef ég aflað mér góðrar þekkingar á umhverfi flugmanna og flugfélaga í heiminum.

Stjórnin sem nú hverfur frá hefur aðallega, að mínu mati, unnið varnarsigra. Það hefur ekki verið feitan gölt að flá í ljósi erfiðrar stöðu flugfélaganna eftir að afætur höfðu tæmt sjóði þeirra, spreðað síðan þeim fjármunum í vaskinn og loks sá undir iljarnar á þessu liði þegar bankarnir hrundu eins og spilaborg á haustdögum.

Stjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að gefa út óþarfa undanþágur frá kjara-



Þorsteinn Kristmannsson,
formaður
Alþjóðanefndar FÍA
skrifar

samingum. Ég get fullyrt að allar slíkar undanþágur hafa verið gerðar með hagsmunum félagsmanna að leiðarljósi. Samkeppnisumhverfi í leiguflugi er alltaf að harðna og eins og ég hef oft bent á í fyrri skrifum mínum þá mun taka gildi samevrópsk reglugerð um flug- og vakttíma, reglugerð sem verður eins fyrir alla sem ætla að fljúga inn eða út úr Evrópu. Þegar fráfarandi stjórn gaf undanþágur frá afmörkuðum verkefnum var mér tvennt efst í huga: Afla verkefna og tekna fyrir stóran hóp félagsmanna sem ýmist gengu atvinnulausir eða höfðu þurft að þiggja

stöðulækkun. Í öðru lagi eigum við sem heild að aðlaga okkur umhverfinu sem mun breyta á með EASA-reglugerðinni, sem samkvæmt nýjustu fréttum á að taka gildi í síðasta lagi 2012. Ég á ekki við að við eigum að varpa fyrir róða kjarasamningum heldur vera meðvitaðir og tilbúnir í slaginn þegar þessi mikilvæga reglugerð tekur gildi en ekki sitja uppi á Klakanum með kannski örfár mjólkurrútur.

Við þurfum að efla forgangsréttarákvæði og sjá til þess að séu virt. Það er mín skoðun að við eigum að sækja fram til þess að störf okkar séu fjölbreytt og að kjör okkar séu sambærileg við félaga okkar í Evrópu og alls ekki gefa neitt það eftir, sem forrennarar okkar byggðu upp.

Með baráttukveðjum,
Þorsteinn Kristmannsson, flugstjóri

Framboð til stjórnar FÍA

Af hverju FÍA?

Er þörf á að vera í stéttarfélagi? Já alveg hiklaust. Það bakland sem stéttarfélagasáðild veitir fæst aldrei meðal þeirra sem eru verktakar. Flugmenn geta í raun ekki verið verktakar. Flugmenn eru klassískir launþegar og ekkert annað. Hins vegar mætti halda ef horft er yfir flugheiminn að flugmönnum sé í raun sama um kjör sín til lengri tíma lítið. Verktaka er að verða allsráðandi. Með þessu fyrirkomulagi eru flugmenn ofurseldir flugrekandnum og þau réttindi sem stéttarfélag flugmanna hafa á löngum tíma náð fram eru ekki til staðar.

Staðan hjá stærsta vinnuveitanda flugmanna á Íslandi, Icelandair Group, er sú að félagið á nokkur dótturfélög sem flest hafa flugmenn sem verktakta á sínum snærum. Á sama tíma er þriðjungur íslenskra flugmanna Icelandair Group atvinnulaus. Félagið hefur litlar sem engar skuldbindingar gagnvart verktökunum en kýs að



Örnólfur Jónsson,
flugstjóri
Icelandair
skrifar

halda þeim í starfi þar sem réttindi þeirra eru takmarkaðri en íslensku flugmannanna á starfsaldurslistanum. Þetta er það umhverfi sem við búum við og baráttan á næstu misserum mun snúast um að breyta þ.e. atvinnulausir íslenskir flugmenn á atvinnuleysisbótum en "óðýrari" erlendir flugmenn á verktakajörum í vinnu.

Flestir okkar viðsejenda eiga í erfiðleikum eftir hrun í íslensku atvinnulífi. Nú er mikilvægt að við félagar í FÍA sýnum samstöðu sem aldrei fyrr. Það veldur því nokkrum vonbrigðum hve værukærir félagsmenn í FÍA hafa verið síðustu misseri. Rúmlega 30

mættu á félagsfund í byrjun desember og einungis 25% sjóðsfélaga kusu um mikilvægar breytingar á samþykktum EFÍA í sama mánuði. Tökum okkur nú á. Ekkert gerist af sjálfu sér og við verðum aldrei sterkari en samstaðan og þátttakan gefur tilefni til.

Á aðalfundi FÍA þann 12. febrúar n.k. gef ég kost á mér sem meðstjórnandi í stjórn. Félagsmenn ættu að þekkja mín störf fyrir FÍA í langan tíma í stjórn FÍA, EFÍA og sem samninganefndarmaður. Í framboði til formanns og varaformanns eru þeir Jóhannes Bjarni Guðmundsson og Halldór Þ. Sigurðsson sem ég tel að muni veita FÍA trausta forystu og legg til að við þjöppum okkur að baki þeim.

Sýnum nú styrk FÍA og fjölmönnum á aðalfund félagsins. Mótum framtíð félagsins og kjósum trausta stjórn. Samstaðan skiptir öllu máli.

Örnólfur Jónsson
Flugstjóri, Icelandair

Þreyta flugmanna áhrifavaldur!

Skýrslan áfellisdomur á vaktímalengd miðað við enga hvíldaraðstöðu um borð

Í október árið 2007 fór vél JetX (nú Primera air) fram af flugbraut í Keflavík, full af farþegum. Sem betur fór slasaðist enginn en vélin skemmdist nokkuð. Nú var að koma út skýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa og er hún áfellisdomur yfir áætlanagerð flugfélagsins hvað varðar uppsetningu á vinnu flugáhafna. Flugmenn vélarinnar reyndust vera orðnir mjög þreyttir eftir of langa flugvakt, búnir að vera við störf í 17 klst. og 20 mínútur, en samkvæmt flugrekstrarhandbók félagsins mátti flugvakt vera 16 tímar miðað við aukna áhöfn (3 flugmenn) en lengjast í 19 klst. ef ófyrirsjáanlegar aðstæður valda því. Aukin áhöfn hins vegar miðast við að til staðar sé hvíldaraðstaða fyrir þann flugmann sem er í hvíld hverju sinni, en í þessu tilfelli var vélin troðfull af farþegum þannig að engin hvíldaraðstaða var til staðar. Að mati FÍA er það skýrt brot á lögum um loftferðir að fljúga með aukna flugáhöfn án þess að um borð sé fullnægjandi hvíldaraðstaða.

Í skýrslu RNF kemur fram að flugmenn kvarti undan þreytu hvað eftir annað á leiðinni. Lendingin í Keflavík var hörð þannig að vélin hoppaði við landingu og stytta það mögulega tilæka brautarlengd töluvert. Þá steig flugmaður seint á bremsurnar og ekki af fullu afli og notaði ekki knývendi (reverse thrust).

Þetta alvarlega flugatvik er því miður enn eitt dæmið um hvernig



Boeing 737 flugvél Primera Air sem fór út af flugbraut í Keflavík í október árið 2007.

þreyta flugmanna getur haft áhrif á getu þeirra til starfa um borð í flugvél og er beintengt flugöryggi. FÍA hefur ásamt alþjóðasamtökum flugmannafélaga ítrekað bent á mikilvægi þess að flugfélögin gleymi sér ekki í „nýtingarstefnu“ og eins að flugmönnum sé búin almennileg hvíldaraðstöðu þegar um lengri flugvaktir er að ræða (aukin flugáhöfn). Anægjulegt er að Flugmálastjórn Íslands lét sig málið varða nú í haust, þannig að út er komið leiðbeiningaefni varðandi hvíldaraðstöðu, sem ekki var til áður. Tilmæli Rannsóknarnefndar flugslysa í kjölfar þessa atviks ganga í raun enn lengra en núverandi tilmæli Flugmálastjórnar um hvíldaraðstöðu og er vonandi að tekið verði tillit til þeirra af flugmála-yfirvöldum sem fyrst.

Niðurstöður RNF og tillögur að úrbótum miðast nær allar að því að herða reglur um flugvaktíma, hvíldartíma og hvíldaraðstöðu áhafna, en að auki er talað um að vakta betur hálkumælingar á flugbratum í Keflavík. Í lok skýrslunnar segir að JetX (Primera air) hafi nú þegar breytt reglum sínum þannig að bannað sé að áætla flugáhafnir á eins langar vaktir ef mæting þeirra á milli kl. 14:00 og 03:59, eins og gert var í þessu tilfelli. Heimilt er að áætla slíkar vaktir sem hefjast á öðrum tímum sólarhringsins.

Nú hefur einnig tekið gildi ný reglugerð varðandi flug- og hvíldartíma. Byggist hún á EU OPS Annex III undirkafla Q. Sú reglugerð herðir kröfur varðandi hvíld til muna frá því sem verið hefur.

Rafræn kosning

Eins og kynnt hefur verið á síðum fréttabréfs okkar hefur staðið til að kjósa rafrænt til stjórnar fyrir aðalfundinn sem haldinn verður nú þann 12. febrúar. Í ljós hefur komið að það mun ekki ganga þar sem lög FÍA heimila það ekki. Tæknin er til staðar og tilbúin.

Til að mögulegt sé að nýta þessa tækni verður því að fara fram ákveðin lagabreyting sem afgreiða þarf á aðalfundinum núna til að hægt sé að nýta þennan kost fyrir næstu kosningar.

Um er að ræða 16. grein laga þar sem sagt er að “Stjórn félagsins skipa sjö aðalmenn og tveir til vara, kosn-

ir á aðalfundi samkvæmt 28. grein.” Þá stendur í 28. grein: “Fulltrúar í stjórn og trúnaðarráð skulu kosnir á aðalfundi” en þessum klausum þarf að breyta þar sem gefinn yrði kostur á að nýta alsherjaratkvæðagreiðslu skv. 33. grein sem yrði í tengslum við aðalfund.

Þú er að gera drög að lagabreytingum þessa efnis sem kynntar verða félagsmönnum von bráðar.